



Leikskólinn Ylur

Mývatnssveit



*Pú ert hugrakkari en þig grunar,
snjallari en þú heldur
og sterkari en þú sýnist.*

Starfsáætlun leikskólans Yls fyrir skólaárið 2020-2021

Um okkur

Leikskólinn Ylur opnaði 2. nóvember 1976. Hann var staðsettur að Hlíðavegi 6 í gömlum barnaskóla sem var að nokkru leiti aðlagður að starfsemi leikskólans. Árið 2015 var ljóst að stækka yrði leikskólann til að svara eftirspurnum eftir leikskólaplássi og var sú ákvörðun tekin að flytja hann upp í Reykjahlíðarskóla. Í fyrstu fluttist helmingur barnanna í tvær kennslustofur sem leikskólinn fékk afnot af á meðan á framkvæmdum stóð. Smíðastofa grunnskólans sem staðsett var í norðurenda hússins var innréttuð fyrir leikskólann auk þess sem sveitarfélagið keypti staka kennslustofu sem tengd var við stofuna með tengibyggingu. Eftir sumarlokun 2016 opnaði leikskólinn svo allur á nýjum stað. Vorið 2019 var ákveðið að ráðast í enn frekari stækkun á leikskólanum og lauk henni í október sama ár. Það er óhætt að segja að bylting hafi átt sér stað fyrir alla, börn, foreldra og starfsfólk.

Í vetur verða börnin í leikskólanum 18 talsins. Í árgangi 2015 og 2016 verða 10 börn á Mánadeild, árgöngum 2017, 2018 og 2019 verða 8 börn á Stjörnudeild.

Leikskólinn Ylur er opinn frá kl. 08.10 til 16.30 frá mánudegi til föstudags.

Grunnvistun er 3 ½ tími.

Starfsfólk

Mánadeild: Eydís Elva Eymundsdóttir deildarstjóri og staðgengill leikskólastjóra 98%,

Bianca Maria Peregger 100% og Linda Björg Árnadóttir deildarstjóri 81%

Stjörnudeild: Sylvía Ósk Sigurðardóttir deildarstjóri 100%, Eydís Kristjánsdóttir 84%,

Sigríður Stefánsdóttir 67,5% og Antra Krumina 75%

Afleysing: Carmen Ramos

Skólastjóri: Ingibjörg Helga Jónsdóttir 100%

Karen Ósk Kristjánsdóttir deildarstjóri Stjörnudeildar er í fæðingarorlofi.

Samanlagt eru þetta 6,8 stöðugildi sem deilast svo:

1 – stjórnun

0,5 – stuðningur

5,3 – inni á deild.

Stefna Yls

Lífsleikni í leikskóla. Að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni tekur á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Lífsleikni

Lífsleikni byggist á að börnin verðir sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu. Að börnin tileinki sér innri aga, séu fær um að sýna kurteisi og samkennd og temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu.

Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar eins og gleði, sorg og reiði og að hafa taumhald á þeim.

Hugmyndafræði

Hugmyndafræðin á bak við Lífsleikni í leikskóla er tekin frá fimm fræðimönnum.

Hugmyndafræði **Loris Malaguzzi** beinist að trú á möguleika einstaklingsins. Rannsóknir barna og uppgötvanir eru mikilvægar og nauðsynlegt að þeim sé sýnd virðing.

Í kenningu **Howards Gardner** um fjölþáttagreind er talað um átta greindir sem hver einstaklingur býr yfir. Börnin fá því þjálfun á ólíkum sviðum í verkefnum sínum.

Í bók **Daniels Goleman**, Tilfinningagreind, kemur skýrt fram að góð tilfinningagreind hjálpi til við öll mannleg samskipti og því þurfi að leggja rækt við hana allt frá fæðingu.

Mannræktarstefnan, The Council for Global Education, leitast við að gera börnin bæði góð og fróð og þaðan kemur hugmyndin um dygðakennsluna

William Damon hefur skrifað mikið um siðferðisþroska barna og gert rannsóknir sem benda til þess að börn séu færari en haldið hefur verið í að leysa siðferðisleg vandamál. Hann styður það eindregið að siðferðiskennd barna sé örvuð allt frá frumbersku.

Kennsluefnið okkar er „Lífsleikni í leikskóla“

Höfundar þessa kennsluefnis eru leikskólakennarar í leikskólunum Króggabóli, Síðuseli og Sunnubóli á Akureyri. Efnið er afrakstur þriggja ára þróunarverkefnis sem hófst 2001 og lauk formlega 2004. Eftir það var haldið áfram að vinna með lífsleiknina sem er nú rauður þráður í starfsemi leikskólanna.

Innihald kennsluefnisins er sem hér segir:

- ✓ 36 verkefnaspjöld – með skipulögðum hópastarfstímum.

Handbók fyrir kennara.

Söngbók.

Handbrúða og tólf sögur með henni.

Geisladiskur.

Tvær loðtöflusögur.

Kennsluefnið byggist á tólf dygðum sem má skipta niður á nokkur ár.

Þær eru: Ábyrgð, Áreiðanleiki, glaðværð, hjálpsemi, hófsemi, hugrekki, kurteisi, samkennd, sköpunargleði, vinsemd, virðing og þolinmæði.

Vinna með dygðir

Áður en hafist er handa við dygðakennsluna er rétt að kynna sér vel handbókina og dygðavísana. Dygðavísar lýsa hverri dygð og gefa góðar hugmyndir að verkefnum. Einnig eru þeir skreyttir spakmælum til íhugunar. Þeir eru sendir heim til barnanna til þess að uppfærða foreldra og virkja þá í dygðakennslunni.

Kennarar þurfa að ræða dygðirnar og sameinast um hugmyndir.

Með hverri dygð eru foreldraboðorð og/ eða markmið barnanna send heim. Þau fjalla um uppeldi barna og er ætlað að hjálpa til í allri dygðakennslunni.

Lífsleiknin fer inn á alla grunnþætti menntunar í leikskólanum og er því unnin í læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Börnin fá þannig fjölbreytta mynd af lífinu.

Æfingin skapar meistarann!

Rauður þráður í daglega starfinu

Árangursríkast er að láta lífsleiknina vera sem rauðan þráð í starfinu. Hverja einustu mínútu er kennarinn með hugann við dygðina í vinnu sinni með börnunum. Ef hann sér eitthvað sem getur leitt til umræðna um viðkomandi dygd grípur hann tækifærið. Ef börnin byrja að ræða um dygðina þá styður kennarinn umræðuna með þátttöku sinni. Þegar kennarinn sér dygðina í framkvæmd hjá barnahópnum hrósar hann þeim.

Dygðir sem unnið verður með veturinn 2019-2020 eru áreiðanleiki, virðing og hjálpsemi.

Vetrarstarf

Vetrarstarf stendur yfir frá 15. sept – 15. maí og lýkur með sýningu barna á verkum sínum á vorhátíð leikskólans. Á þessum tíma er unnið markvisst eftir námskrá leikskólans en hún byggir á fjórum hornsteinum þ.e. lífsleikni, málrækt, stærðfræði og heilsu. Inn í þessa fjóra þætti fléttast námssvið *Aðalnámskrár leikskóla*; læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun.

Málörvun – sérkennsla

Leikskólinn hefur eignast mikið af fjölbreyttu og góðu efni til málörvunar sem verður notað markvisst til kennslu í vetur. Má þar nefna Orðaskil, myndrænt efni til að efla orðaforða tvítyngdra og ungra barna. Lærum og leikum með hljóðin, bók og app til að vinna með, Lubbi finnur málbein, bók sem tekur á íslensku máhljóðunum o.fl.

Skimanir verða lagðar fyrir börnin. Hljóm-2 fyrir skólahóp, TRAS fyrir börn 2-5 ára og Orðaskil, málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 1 ½ - 3 ára.

Íþróttir.

Öll börn fara í íþróttahús einu sinni í viku.

Danskennsla.

Danskennsla verður vikuna 5-9 okt. Anna Breiðfjörð danskennari sér um kennslu.

Tónlist

Öll börn fá tónlistarkennslu einu sinni í viku hjá tónlistarkennara grunnskólans Stefáni Jakobssyni.

Foreldrasamstarf.

Við leggjum áherslu á gott samstarf við foreldra. Upplýsingastreymi til foreldra verður á heimasíðu leikskólans, fésbókarsíðu leikskólans, Karellen, í tölvupósti og með daglegum skilaboðum.

Við bjóðum foreldrum að vera með okkur í jólaföndri og vorhátíð og bjóðum í kaffi .

Aðeins eitt formlegt viðtal er áætlað fyrir hvert barn og eru þau áætluð síðustu vikuna í nóvember en önnur viðtöl eru tekin eftir því sem foreldrar eða kennarar óska.

Skipulagsdagar

Kennarar í leikskólanum hafa rétt á þremur skipulagsdögum og einum starfsdegi á ári. Leikskólinn er þá lokaður. Í vetur verða þetta 10. september, 15. desember og 23. febrúar. Það vantar einn skipulagsdag inn sem verður látið vita af með minnst mánaðar fyrirvara. Einnig er leikskólinn með fjóra 4 klst. starfsmannafundi í vetur en þá lokar leikskólinn kl: 12:30. Þessir dagar eru notaðir til fræðslu og til að undirbúa skólastarfið. Í vetur verða þetta dagarnir 16. október, 11. janúar og 12. apríl. Einn fundinn setjum við á tvo daga. Lokum kl: 14:30 síðasta dag fyrir sumarlokun 26. Júní 2020 og opnum kl: 10:00 4. ágúst 2020 fyrsta dag eftir sumarlokun.

Á dagskrá hjá starfsfólki í vetur

- ✓ Innra mat út frá námskrá leikskólans.
- ✓ Innleiðing að heilsueflandi leikskóla.
- ✓ Innleiðing grænfána verkefnis leikskóla.
- ✓ Efla Jákvæðan aga.
- ✓ Karellen leikskólakerfið og vinna áfram að heimasíðu.